

II. Tillaga til 407. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 2. nóvember 2017

Tillaga frá 993. fundi bæjarráðs um að samþykkja umsögn 486. fundar skipulags- og mannvirkjanefndar um svæðisskipulag fyrir Dalabyggð, Reykhólahrepp og Strandabyggð.

1. Svæðisskipulag fyrir Dalabyggð, Reykhólahrepp og Strandabyggð - 2016060025

Á 990. fundi bæjarráðs var tekinn fyrir tölvupóstur Matthildar Kr. Elmarsdóttur, f.h. svæðisskipulagnefndar Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar, dags. 27. september sl., þar sem svæðisskipulagstillaga og umhverfisskýrsla var send til kynningar og umsagnar. Bæjarráð vísaði erindinu til umsagnar í skipulags- og mannvirkjanefnd.

Á 486. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar Ísafjarðarbæjar fagnaði nefndin því að sveitarfélögin Reykhólahreppur, Dalabyggð og Strandabyggð hafi tekið sig saman um gerð svæðisskipulags. Skýrslan er vel uppsett og skilmerkileg.

Nefndin vill þó benda á að betur mætti gera grein fyrir tengslum og samstarfi til framtíðar við aðliggjandi sveitafélög. Þá er ekkert minnst á umhverfisvottun Earth Check sem öll níu sveitafélögin á Vestfjörðum hafa samþykkt að vinna að og hefur vottun nú þegar fengist fyrir árið 2015.

Bæjarráð gerir ekki athugasemd við umsögnina og vísar henni til bæjarstjórnar.